

**Nd.**

**524. Nefndarátt**

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 1, 12. jan. 1884, um bygging, ábúð og úttekt jarða.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eins og getið er um í greinargerð fyrir þessu frumv., þá ræður það ekki bót á ýmsum þeim agnám, sem eru á gildandi lögum um þetta efni Hinsvegar bætir það nokkuð úr ýmsum ákvæðum þessara laga. En þar sem ákveðið er að skipa millipinganefnd til að íhuga landbúnaðarlöggjöfina, þá telur nefndin rjettara að fresta þessum umbótum á lögnum og að það bíði þar til lögin verða endurskoðuð í einni heild. Aðalflutningsmaður getur sætt sig við þessa afgreiðslu eftir atvikum, einkum þar sem í þingsályktuninni er sjerstaklega tekið fram, að millipinganefndin meðal annars skuli endurskoða þessa löggjöf.

Nefndin leggur því til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi rökstuddri

**DAGSKRÁ:**

Þar sem ákveðið er að skipa millipinganefnd til þess að íhuga landbúnaðarlöggjöfina, og þar sem frekari endurskoðun og breyting á þessum lögnum þarf fram að fara, þykir deildinni ekki vert að afgreiða málið að þessu sinni, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 7. maí 1927.

Pjetur Þórðarson,      Árni Jónsson,      Halldór Stefánsson.  
form.                      fndaskr.

Jörundur Brynjólfsson,      Hákon J. Kristófersson.  
frsm.